

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 10.8.2023  
UST202301-419/S.K.  
08.12.02

### **Efni: Reglubundið eftirlit þann 7. Júní 2023 – Laxar, Fiskalóni**

Þann 7. júní sl. fór fram eftirlit í Fiskalóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávik voru í eftirliti árið 2022. Grænu bókhaldi og ársyfirliti var ekki skilað innan tilsetts tíma, fyrir 1. maí 2022. Bæði grænu bókhaldi og ársyfirlitunum var skilað inn 3. maí svo þeim frávikum hefur verið lokað. Þriðja frávikðið er vegna niðurstaða mælinga frá því 22.09.2021 þar sem kom í ljós að enn virtust mæligildi vera hærrí eftir hreinsun en fyrir. Í grein 3.5 í starfsleyfi kemur m.a. fram að rekstraraðili skuli tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns. Þetta frávik er enn opið.

### **Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varða:**

Ein ábending er gerð um að gögn frá starfsleyfishafa séu rétt merkt.

### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var skilað 3. maí og er því frávikinu lokið.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi og 11. gr. reglugerðar um grænt bókhald. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfseminni fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi var skilað inn 3. maí s.l. og er frávikinu því lokið.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Aukning á svifögnum í frárennslí var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 16. September 2022.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 31. ágúst n.k.**

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðing